

Nd.

585. Frumvarp til laga

[93. mál]

um skattfrelsi sparifjár.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Allt sparifé landsmanna, sem geymt er til ávöxtunar innanlands á uppsagnar-
bókum eða innláns-skirteinum í hönkum, opinberum sparisjóðum eða löglegum
innlánsdeildum félaga, skal vera skattfrjálst. Sömuleiðis skulu vextir af þessu fé
vera skattfrjálsir sem tekjur, ef þeir leggjast við höfuðstólinn.

Skattfrelsi þetta nær þó aðeins til þeirra innstæðna, sem eru óuppsegjanlegar
nema með minnst 6 mánaða fyrirvara.

2. gr.

Skylt er sparifjáreigendum að gera grein fyrir hinu skattfrjálsa fé, þegar þeir
telja fram til skatts, og hvar það stendur inni, þótt það eða viðlagðir vextir þess
reiknist ekki með við útreikning skattsins.

3. gr.

Forstjórar banka, sparisjóða og innlánsdeilda eru skyldugir að svara tafar-
laust fyrirspurnum skattanefnda um upphæð skattfrjálsrar innstæðu framteljanda.

4. gr.

Fjármálaráðherra getur sett með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd
laganna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Sparifé, er staðið hefur inni í innlánsstofnunum, sem tilgreindar eru í 1. gr.,
óhreyft síðustu sex mánuði áður en fyrsta skattframtal fer fram eftir að lög þessi
öðlast gildi, er skattfrjálst í það sinn.